

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 15. mars 2024
UST202403-212/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting - Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 - Tindasel 1 og 2

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Í Rangárþingi ytra er barst 14. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 fyrir Tindasel 1 og 2 í svæði.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skilgreint um 2 ha verslunar - og þjónustusvæði (VP9) á Tindaseli 1 er stækkað í um 5 ha. Auk þess er áætluð uppbygging á hóteli og ferðaþjónustu tengd útiveru. Fyrirhugað er að auka heimildir til gistingar úr 16 manns í allt að 200. Einnig verður gert ráð fyrir fastri búsetu á svæðinu fyrir starfsmenn. Starfsmannahús verður eftir atvikum innan VP reits eða á skilgreindu landbúnaðarsvæði. Uppbygging kemur til með að verða áfangaskipt og verður gerð nánar grein fyrir því í deiliskipulagi.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur